



Ingunnarskóli

Samantekt um innra mat 2025-2026

Efnisyfirlit

- Kafli 1 Innra mat skólans	3
- Kafli 2 Langtímaáætlun	4
- Kafli 3 Áætlun fyrir skólaárið	7
- Kafli 4 Greinargerð um innra mat	8
- Kafli 4.1 Gæðaviðmið um skólastarf	9
- Kafli 4.2 Gæði kennslu	10
- Kafli 4.3 Námsárangur nemenda	11
- Kafli 4.4 Viðhorf og líðan nemenda	12
- Kafli 4.5 Viðhorf og líðan starfsfólks	14
- Kafli 4.6 Viðhorf foreldra	15
- Kafli 4.7 Menntastefna og stefna skólans	17
- Kafli 5 Umbótaáætlun	18

Samantekt

Ingunnarskóli, 18.06.2026



Ingunnarskóli

Virðing - Ábyrgð - Vinsemd

Kafli 1 Innra mat skólans

Inngangur

Í þessari samantekt er gerð grein fyrir innra mati Ingunnarskóla 2025-2026. Sett er fram matsáætlun sem sýnir viðfangsefni matsins, hvenær þau eru metin ásamt nánari lýsingu á því hvernig matið fer fram. Helstu niðurstöður eru settar fram þar sem lögð er áhersla á að fjalla um þætti sem best komu út og þá þætti sem þarfnast umbóta. Unnið er með umbótaþætti áfram í umbótaáætlun.

Um innra mat skólans

Markmið með innra mati skólans er að bæta árangur og gæði skólastarfsins en unnið er út frá útgefnum [gæðaviðmiðum um skólastarf](#), [menntastefnu Reykjavíkurborgar](#) og áherslum skólans.

Allt starfsfólk tekur þátt í innra mati skólans en fagmennskuteymi skólans leiðir matið, heldur utan um skipulagningu og framkvæmd þess, rýnir í niðurstöður og setur fram umbótaáætlun. Í fagmennskuteyminu eru skólastjórnendur. Teymið fundar að meðaltali tvisvar sinnum í mánuði.

Ingunnarskóli notar vefkerfið [BRAVOLesson](#) til að halda utan um innra matið.

Kafli 2 Langtímaáætlun

Matsáætlun um innra mat

Unnin er matsáætlun fyrir innra mat skólans ár hvert þar sem sést hvenær helstu þættir eru metnir og hvernig (sjá áætlun hér fyrir neðan) en nákvæm verkáætlun fyrir skólaárið er unnin í BRAVOLesson.

Gæðaviðmið grunnskóla

Þættir í gæðaviðmiðum grunnskóla eru metnir á matsfundum með fagmennsku/þróunarteymi sem fara þannig fram að þátttakendur ígrunda út frá viðeigandi gögnum og koma sér saman um niðurstöðu. Matsfundir með kennurum og/eða öllu starfsfólki fer fram tvisvar til fjórum sinnum á ári.

Vísbendingar sem þykja framúrskarandi eða mjög góðar eru taldar til styrkleika skólans en vísbendingar sem fá einkunnina ábótavant eða óviðunandi fara í umbótaáætlun skólans. Ákveðnir kaflar í gæðaviðmiðunum eru einungis metnir af fagmennsku/þróunarteymi skólans.

Menntastefna Reykjavíkurborgar

Áherslur menntastefnu Reykjavíkur eru félagsfærni, sjálfsefning, læsi, sköpun og heilbrigði. Staða skólans út frá áherslupáttunum er metin með gátlistum menntastefnu á matsfundum með starfsfólki og/eða fagmennsku/þróunarteymi skólans. Það auðveldar skólanum að halda markvisst utan um innleiðinguna og meta framþróun menntastefnunnar.

Námsrángur nemenda

Niðurstöður námsmats eru nýttar til að bæta nám og kennslu einstaklinga og hópa/bekkja jafnóðum en í innra mati er námsrángur greindur út frá skólanum í heild. Námsmat sem skólinn nýtir í innra mati eru lesfimiþróf, sem eru greind og metin út frá útgefnum viðmiðum prófanna og matsferill.

Viðhorf og líðan

Kennarar leggja af og til fyrir tengslakannanir til að kanna félagslega stöðu og líðan nemenda í sínum hópi. Ef niðurstöður benda til þess að nemandi/um líði ekki vel í hópnum er unnið með að styrkja tengsl í hópnum og vinna með samskiptafærni. Íslenska æskulýðsrannsóknin er lögð árlega fyrir nemendur í 4. til 10. bekk. Farið er yfir niðurstöður og þær rýndar í litlum hópum starfsmanna. Niðurstöður eru notaðar til að meta hvernig skipu- eða vinnulag hentar í nemendahópum og mögulega þarf að leggja áherslu á einhverja þætti í umhverfi hvers hóps fyrir sig.

Starfsfólk skólans

Skólastjórnendur leggja viðhorfskönnun fyrir starfsfólk árlega. Unnið er með niðurstöður í tengslum við starfsmannasamtöl að vori. Einnig taka starfsmenn þátt í viðhorfskönnun Reykjavíkurborgar og niðurstöður hennar eru kynntar fyrir starfsfólki og rýndar til gagns.

Matsáætlun skólans

Stjórnun og fagleg forysta	2024-2025	2025-2026	2026-2027	2027-2028	2028-2029
1.1 Samvikni í stefnumótun				X	
1.2 Faglegt samstarf og samræða					
1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu		X			
1.4 Umbætur og innleiðing breytinga	X				
1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir			X		
1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting			X		
1.7 Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsfólks				X	

Nám og kennsla	2024-2025	2025-2026	2026-2027	2027-2028	2028-2029
2.1 Inntak og námskrá					
2.2 Árangur náms	X	X			
2.3 Gæði kennslu	X	X			
2.4 Skipulag náms					
2.5 Námsvitund			X		
2.6 Ábyrgð og þátttaka					

Innra mat	2024-2025	2025-2026	2026-2027	2027-2028	2028-2029
3.1 Skipulag		X			
3.2 Framkvæmd			X		
3.3 Umbætur				X	

Námsárangur nemenda	2024-2025	2025-2026	2026-2027	2027-2028	2028-2029
Lesfímipróf 1- 10.b	X	X	X	X	X
Matsferill		X	X	X	X
Lesskimun 1. bekkur	X	X	X	X	X
Orðarún 3. - 8. bekkur	X				
Lesmál 2.bekkur	X	X	X	X	X

Viðhorf og líðan	2024-2025	2025-2026	2026-2027	2027-2028	2028-2029
Íslenska æskulýðsrannsóknin	X	X	X	X	X
Starfsmannakönnun	X	X	X	X	X
Viðhorskönnun foreldra	X		X		X
Könnun á vegum Rannsókn & greining		X			

Menntastefna og stefna skólans	2024-2025	2025-2026	2026-2027	2027-2028	2028-2029
Félagsfærni		X			

Kafli 3 Áætlun fyrir skólaárið

Skipulag matsins fyrir yfirstandandi skólaár

Viðfangsefni	Kafli - Þáttur	Markmið	Gagnaöflun - Hvernig metið	Hvenær metið	Ábyrgð	Viðmið um árangur
Nám og kennsla	2.2 Árangur náms...		Með vettvangsathugun	Nóvember 2025	Fagmenntuteymi	
Stjórnuna og forysta	1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu		Á matsfundi teymis	Nóvember 2025	Fagmenntuteymi	
Innra mat	3.1 Skipulag		Á matsfundi teymis	Janúar 2026	Fagmenntuteymi	

Kafli 4 Greinargerð um innra mat

Helstu niðurstöður innra matsins

Matsteymi skólans fylgir alfarið langtímaáætlun um innra mat RVK austur. Það var því lagt mat á þrjá þætti sem gerð er grein fyrir í næsta kafla. Helstu niðurstöður matsvinnu vetrarins felast í að vinna þarf umbótaþætti í nánari samvinnu við kennara og starfsfólk eftir því sem við á. Með því er leitast við að dreifa ábyrgð og gera starfsmenn að þátttakendum í matinu og úrlausnum umbóta.

Kafli 4.1 Gæðaviðmið um skólastarf

Stuttur texti um þá kafla sem voru metnir

Eftirfarandi kaflar í [gæðaviðmiðum grunnskóla](#) voru metnir í Ingunnarskóla 2025-2026.

Nám og kennsla

- 2.4 skipulag náms

Stjórnun og fagleg forysta

- 1.3 tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu

Innra mat

- 3.1 Skipulag

Vísbendingar sem þykja framúrskarandi eða mjög góðar eru taldar til styrkleika skólans en vísbendingar sem fengu einkunnina ábótavant eða óviðunandi fara í umbótaáætlun skólans. Gert er grein fyrir styrkleikum og tækifærum til umbóta í niðurstöðum hér fyrir neðan.

Niðurstöður

Styrkleikar

2.4 Skipulag náms:

- Teymiskennsla og samvinna milli kennara.
- Sameiginleg ábyrgð og tækifæri til fjölbreyttar námsaðstæður.
- Samþætt og heilstæð verkefni milli námsgreina.
- Markvisst unnið að því að þjálfa samstarf og samvinnu milli nemenda.

1.3 tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu

- Stefna aðalnámskrár og sveitafélags er sýnileg í stefnu og störfum skólans
- Foreldrum og nemendum er markvisst kynnt sýn og stefna skóla
- Stefna skólans er sýnileg í starfsháttum hans

3.1 Skipulag innra mats

- Innra mat er mikilvægur hluti af skólastarfi og áætlun langtímamats er fylgt.
- Fyrir hvert markmið um árangur eru sett skýr viðmið sem stefnt er að í umbótaáætlun

Tækifæri til umbóta

2.4 Skipulag náms:

- Skipulag kennslu, starfshátta og stuðningsúrræða þarf að stuðla betur að tækifærum allra nemenda til náms
- List- og verkgreina kennsla ekki nægilega fjölbreytt eða nógu stöðugt milli ára
- Skólahúsnæði og grenndarsvæði mætti nýta betur

1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu

- Skólanámskrá þarf að vinna betur og skilgreina þar hvað felst í jákvæðum skólabrag

3.1 Skipulag innra mats

- Skilgreina þarf og meta reglulega hver eru markmið stefnu skólans
- Bæta þarf kynningu á umbótaáætlun og eftirfylgni með umbótaþáttum

Kafli 4.2 Gæði kennslu

Hvaða aðferðir voru nýttar til að meta gæði kennslu

Niðurstöður

Styrkleikar

Tækifæri til umbóta

Kafli 4.3 Námsárangur nemenda

Hvaða matstæki voru nýtt til að meta árangur nemenda

- Á skólaárinu var "Matsferill" tekinn í notkun sem samræmt mælitæki fyrir alla grunnskóla landsins. Innan Matsferils eru lesfímipróf sem lögð eru fyrir alla nemendur, auk prófa í lesskilningi og stærðfræði sem leggja á fyrir nemendur í 4., 6. og 9. bekk. Niðurstöður Matsferils verða framvegis hluti af þeim gögnum sem skólinn nýtir við mat á námi og framvindu nemenda.
- Lesskimun er lögð fyrir nemendur í 1. bekk í október ár hvert, niðurstöður hennar eru bæði nýttar af umsjónarkennurum til að meta framfarir og talmeinafræðingi til að bregðast við frávikum.
- Lesmál er lagt fyrir nemendur í 2. bekk ár hvert til að meta framfarir í lestri. Umsjónarkennarar nýta þær niðurstöður til að áætla námsefni og áherslur í námi nemenda út skólaárið.
- Talnalykill er lagður fyrir nemendur í þriðja bekk á vorönn Niðurstöður þessara skimana eru nýttar til að bregðast við hvort sem nemandi þarf tímabundna auka aðstoð eða til að greina vanda frekar og koma í ferli.

Niðurstöður

Styrkleikar

Lesfímipróf voru lögð fyrir alla nemendur þrisvar á skólárinu að vanda. Nemendur í þriðja árgangi sýndu góðar framfarir í lestri og á maíprófi var enginn nemandi með mælitöluna 1 - 7 miðað við 21% landsmeðaltal. Tveir aðrir árgangar sýna bæði framfarir milli ára og lágt prósentuhlutfall með mælitölu 1-7 sem eru annars vegar 6. árgangur þar sem aðeins 6% og 10. árgangur með 8% miðað við 21% landsmeðaltal.

Lesskilningspróf voru lögð fyrir þrjá árganga, 4., 6. og 9. Fjórði árgangurinn sýnir góðan lesskilning með aðeins 10% nemenda með mælitölu 1-7 miðað við 21% landsmeðaltal en 34% með mælitölu 13-19 miðað við 21% landsmeðaltal. Árgangur 6 sýnir líka styrkleika í lesskilningi með aðeins 12% með mælitölu 1-7 miðað við 21% landsmeðaltal.

Stærðfræðipróf Matsferils voru lögð fyrir þrjá árganga 4., 6. og 9. Fjórði árgangur sýndi góða leikni í stærðfræði og þar eru aðeins 10% með mælitölu 1-7 og 34% með mælitölu 13-19 hvort tveggja miðað við 21% landsmeðaltal. Frammistaða 6. árgangs var sambærileg, þar eru aðeins 8% með mælitölu 1-7 en 32% með mælitölu 13-19 miðað við 21% landsmeðaltal bæði neðri og efri marka.

Tækifæri til umbóta

Í lesfímiprófum sýndi 9. árgangur framfarir milli mælinga en þó eru aðeins 19% með mælitölu 13-19 á miðað við 21% landsmeðaltal.

Huga þarf að lesskilningi í 9. árgangi en þar eru aðeins 8% nemenda með mælitölu 13-19 miðað við 21% landsmeðaltal og 28% með mælitölu 1-7 miðað við 21% landsmeðaltal.

Kafli 4.4 Viðhorf og líðan nemenda

Stuttur texti um viðhorfskannanir nemenda og hvaða þættir voru metnir

Árlega er lögð fyrir nemendur Íslenska æskulýðsrannsóknin í 4. - 10. bekk. Umsjónarkennarar gera tengslakannanir ef ástæða þykir til að kanna líðan og félagslega stöðu nemenda.

Nemendaviðtöl á hausti snúa að líðan nemenda og eru nemendastýrð. Nemendur stýra viðtalinu með þeim hætti að þeir segja frá ákveðnum atriðum sem snerta, áhuga, líðan og hvað þeir eru að fást við í skólanum.

Í hverjum árgangi eiga að vera reglulegir bekkjarfundir þar sem rædd eru ágreiningsmál eða hugðarefni nemenda. Bekkjarfundir eru skipulagðir og fara eftir föstum fundarsköpum. Markmið með bekkjarfundum er að skapa andrúmsloft sem styður við heilbrigð og lýðræðisleg skoðanaskipti. Ásamt því að gefa nemendum færi á að tjá sig um allskonar málefni í trausti þess að þau sé heyrð og þau rædd eftir skipulögðu ferli. Slíkt verklag eykur vellíðan nemenda.

Nemendur sem sitja í skólaráði fara einu sinni á vetri og hitta alla árganga og ræða skólastarfið og fá ábendingar um bæði styrk- og veikleika. Þessum niðurstöðum er komið.

Niðurstöður úr Íslensku æskulýðsrannsókninni hafa ekki enn borist.

Niðurstöður

Styrkleikar

Ábendingar frá nemendum í skólaráði, eftir heimsóknir í alla árganga

Helstu styrkleikar:

Íþróttir, sund og valgreinar: Íþróttatímar og valgreinar fá mikið lof nánast hjá öllum árgöngum (2., 4., 6., 8. og 9. bekk). Sund er einnig nefnt sem skemmtilegur þáttur hjá 2. og 4. bekk.

Frímínútur og útivist: Frímínúturnar (eða „næsti“) eru í miklu uppáhaldi, og sérstaklega er fótboltavöllurinn nefndur sem stór plús hjá 5. og 6. bekk.

Verk- og listgreinar: Heimilisfræði og listgreinar skora hátt hjá yngri og miðstigum (2., 4. og 6. bekk).

Góðir kennarar og námsgreinar: Nemendur í 3. og 8. bekk nefna sérstaklega að þeim þyki kennararnir góðir. Námsgreinar eins og stærðfræði (5. bekk), íslenska, enska og þemavinna (4. bekk), ásamt því að læra á tölvur (3. bekk), þykja skemmtilegar.

Maturinn (hjá sumum): Elstu nemendurnir í 10. bekk og sömuleiðis 3. bekkur nefna sérstaklega að maturinn sé skemmtilegur/góður.

Frelsi á unglíngastigi: 9. bekkur nefnir „göt“ (eyður í stundatöflu) sem dæmi um eitthvað skemmtilegt.

Tækifæri til umbóta

Ábendingar frá nemendum í skólaráði, eftir heimsóknir í alla árganga

Þættir til umbóta:

Óskir nemenda um breytingar má deila niður í fimm meginflokka:

1. Skólalóðin, leiktæki og afþreying

Viðhald og ný tæki: Mjög mörg kalla eftir því að laga núverandi tæki (klifurgrindina hjá 4., 5. og 6. bekk) og fá ný leiktæki á borð við aparólu, hoppubelg, rennibrautir og dekkjarólur.

Íþróttasvæði úti: Beðið er um gaga-völl (7. bekk), annan fótboltavöll eða stærri lóð (4. og 6. bekk) og fleiri bolta í frímínútum (6. og 7. bekk).

Inniafþreying fyrir eldri nemendur: Unglíngastigið (7.–10. bekkur) kallar ákveðið eftir betri inniaðstöðu. Þau vilja fá fleiri sófa, poolborð, píluspjald og aðgang að básunum sínum.

2. Matur, nammi og sjálfsalar

Fjölbreytni í matsal: Maturinn er algengt umkvörtunarefni (7., 8. og 10. bekkur). Nemendur vilja minni fisk (t.d. hámark 1 sinni í viku hjá 7. bekk eða „aldrei fisk“ hjá 3. bekk), meira pasta og pizzur, og eftirrétti/ís. 4. og 6. bekkur vilja fá að ráða meira hvað er í matinn eða geta keypt afganga frá deginum áður.

Sjálfsalar og tæki: Óskað er eftir sjálfsölum (6., 7. og 8. bekk) og mjólkur/djúsvélum (6. og 9. bekk).

Sælgæti og tyggjó: Margir árgangar (2., 3., 4. og 6. bekkur) vilja leyfi fyrir tyggjó og að mega koma með nammi eða sparinessi oftár í skólann.

3. Símar, tölvur og tækni

Símaleysi og fókus: Nemendur vilja aukinn slaka á símareglum. Unglingar vilja t.d. síma í eyðum/næsti eða þegar Fókus er lokað (8. og 9. bekkur), á meðan 4. bekkur vill fá að nota síma og PlayStation í Fókus.

Tölvuleikir: Óskir eru um að mega fara í tölvuleiki í tölvum skólans eða koma með eigin tölvur (4. bekkur).

4. Skóladagurinn, próf og skipulag

Styttri og sveigjanlegri dagur: Nemendur vilja styttri skóladaga (3., 4. og 5. bekkur) eða að skólinn byrji seinna, t.d. kl. 9:00 (5. bekkur). 6. bekkur vill frekar borða hádegismat í skólastofunni og sleppa samveru.

Lengri frímínútur: Nemendur vilja almennt meiri tíma í frímínútum (2., 6. og 8. bekkur) og 7. bekkur vill fá að sleppa því að fara út þegar það er kalt.

Próf og námsmat: 9. bekkur kvartar undan því að það séu of mörg próf í sömu vikunni.

Hjúkrunarfræðingur: 7. bekkur vill hafa „hjúkku“ meira við í skólanum.

5. Sérstakar óskir og skemmtanir (Yngri/Miðstigi)

Smíði: 6., 7. og 8. bekkur minnst sérstaklega á að þeir vilji fá smíði/smíðastofu aftur inn í skólann.

Dýr í skólanum: 2. og 4. bekkur hafa mikinn áhuga á að fá dýradaga, bekkjardýr eða leyfi til að koma með gæludýr/bánga í skólann.

Skemmtanir og ferðir: Beðið er um fleiri óvissuferðir, bío á föstudögum, tívólí, og hoppakastala eða að grilla sykurpúða á skólalóðinni.

Athyglisverður punktur: Svarið hjá 7. bekk sker sig dálítið úr þar sem þeir skrá „ekki neitt“ undir það sem þeim finnst skemmtilegt, en eru með mjög skýran lista yfir það sem þeir vilja bæta (aðallega matinn, afþreyingu í frímó og aðstöðu).

Kafli 4.5 Viðhorf og líðan starfsfólks

Stuttur texti um starfsmannakönnunina og hvaða þættir voru metnir

Reykjavíkurborg leggur árlega fyrir viðhorfskönnun meðal starfsmanna skólanna, niðurstöður hennar eru síðan rýndar af stjórnendum og kynntar fyrir starfsmannahópnum. Þar er hægt að sjá bæði samanburð við aðra grunnskóla borgarinnar sem og breytingar milli ára í svörum starfsmanna skólans.

Stjórnendur senda út könnun í aðdraganda starfsmannaviðtala þar sem m.a. er spurt um þætti eins og samstarf, álag og líðan auk óska varðandi komandi skólaár.

Starfspróunarsamtöl byggja meðal annars á þessum könnunum auk þess sem stjórnendur vilja koma á framfæri.

Niðurstöður

Styrkleikar

Niðurstöður Gallup-könnunar Reykjavíkurborgar "Stofnun ársins" meðal starfsfólks Ingunnarskóla benda til þess að almennt ríki góður starfsandi og jákvæð upplifun af stjórnun og samskiptum innan skólans.

- Stjórnunarhættir eru almennt metnir á jákvæðan hátt. Starfsfólk upplifi góðan stuðning og jákvæð samskipti við stjórnendur. Starfsfólk telur næsta yfirmann sanngjarnan, sýna starfsfólki virðingu og gera skýrar kröfur til starfsins. Einnig kemur fram að starfsfólk upplifir stuðning og hvatningu frá næsta yfirmanni sem styrkir starfsanda og faglegt öryggi í starfi.
- Sveigjanleiki og skilningur gagnvart einkalífi starfsfólks kemur einnig sterkt fram í niðurstöðum. Starfsfólk upplifir að það geti sinnt persónulegum erindum með litlum fyrirvara þegar þörf krefur, sem bendir til trausts og jákvæðrar vinnustaðamenningar.

Tækifæri til umbóta

Í niðurstöðum Gallupkönnunar Reykjavíkurborgar "Stofnun ársins" koma einkum fram tvær þættir sem fela í sér tækifæri til umbóta.

- Helsta áskorunin sem kemur fram í niðurstöðum tengist launakjörum. Starfsfólk telur að laun séu ekki samkeppnishæf miðað við sambærileg störf og ánægja með launakjör mælist lág.
- Aðbúnaður og vinnuaðstæður virðast að einhverju leyti þarfnast úrbóta. Sérstaklega kemur fram óánægja með tölvu- og tækjabúnað sem og hljóðvist í rýmum skólans, sem getur haft áhrif á starfsumhverfi og daglega vinnu starfsfólks.

Þó launakjör komi fram sem veikur þáttur í niðurstöðum eru það þættir sem stjórnendur skólans hafa takmörkuð áhrif á í daglegum rekstri. Hins vegar er sífellt verið að vinna að úrbótum á vinnuaðstæðum og því hefur fylgt nokkurt rask á skólaárinu. Unnið hefur verið að því að uppræta raka og gólfefnum var skipt út á stórum hluta skólans sem olli því að kennarar þurftu að kenna við fjölbreytilegar aðstæður og í breytilegum rýmum eftir því sem þeirri vinnu vatt fram. Slíkt reynir á og því eðlilegt að þessi þáttur komi laklega út á þessum ári. Áfram verður unnið að því að gera vinnuaðstæður enn betri og bæta hljóðvist.

Kafli 4.6 Viðhorf foreldra

Stuttur texti um foreldrakönnunina og hvaða þættir voru metnir

Foreldrakönnun grunnskóla er lögð fyrir annað hvert ár af Skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar. Markmið hennar er að kanna viðhorf foreldra til starfsemi grunnskóla, frístundaheimila og félagsmiðstöðva. Könnunin beinir sjónum að þremur meginþáttum: barnið og líðan þess í skólanum, nám og kennsla, stjórnun skólans og samskipti við foreldra.

Niðurstöður

Styrkleikar

Öryggi og vellíðan nemenda

- Foreldrar eru mjög jákvæðir gagnvart líðan barna sinna í skólanum. Mikill meirihluti telur að börnum sínum líði vel í skólanum, þau séu örugg og fá sanngjarna meðferð.

Stuðningur starfsfólks

- Niðurstöður sýna að foreldrar upplifa að bæði kennarar og annað starfsfólk styðji börnin vel. Sérstaklega koma sterkar niðurstöður fram um stuðning kennara og góð samskipti um líðan og hegðun barna.

Ánægja með skólann í heild

- Heildaránægja foreldra með skólann er mikil. Flestir telja skólann vel stjórnaðan og eru ánægðir með daglegt starf hans

Samantekt á helstu styrkleikum sem lesa má úr niðurstöðum starfsmannakönnunar Ingunnarskóla vorið 2026

Helstu styrkleikar

- **Starfsandi og samstarf:** Almenn ánægja er með starfsandann í skólanum. Flestir starfsmenn lýsa honum sem „mjög góðum“ eða „góðum“ og taka fram að samstarf og samvinna á milli samstarfsfólks gangi jafnan mjög vel.
- **Almenn líðan í starfi:** Meirihluti svarenda tilgreinir að líðan þeirra í núverandi starfi frá skólabyrjun hafi verið „mjög góð“ eða „góð“.
- **Starfsánægja:** Yfirgnæfandi meirihluti starfsmanna ætlar að starfa áfram við skólann á næsta skólaári og margir óska eftir því að halda sama stöðuhlutfalli og verkefnum
- **Viðhorf til stjórnenda:** Margir starfsmenn lýsa yfir mikilli ánægju með stjórnendum skólans og þakka fyrir gott traust, stuðning og snögg viðbrögð þegar ástandið er erfitt. Upplýsingaflæði frá stjórnendum er einnig oftast talið mjög gott eða fínt.
- **Öflug starfsþróun:** Starfsfólk skólans er mjög duglegt við að sækja margvísleg námskeið, ráðstefnur og háskólanám utan hefðbundins vinnuramma (t.d. tengt gervigreind, bekkjarstjórnun, Erasmus+, ADHD og málþroskaröskunum).

Tækifæri til umbóta

Aukin þátttaka foreldra í skólastarfinu

- Foreldrar telja síður að skólinn eða kennarar leiti markvisst eftir tillögum og hugmyndum frá þeim. Þetta er einn veikasti þáttur könnunarinnar og bendir til tækifæra til að efla samstarf og samráð við foreldra.

Skýrari upplýsingar um nám og námsmarkmið

- Þótt meirihluti foreldra sé ánægður með upplýsingagjöf um námsárangur og námsmarkmið barna sinna eru niðurstöðurnar þar heldur lægri en á mörgum öðrum þáttum. Það gefur tilefni til að skoða hvernig hægt sé að bæta reglubundna upplýsingamiðlun og gera námsmarkmið sýnilegri fyrir foreldra.

Samantekt á þáttum til umbóta sem lesa má úr niðurstöðum starfsmannakönnunar Ingunnarskóla vorið 2026

- Aukið álag í starfi: Mikill fjöldi starfsmanna tekur fram að álagið í vetur hafi verið „meira en undanfarin ár“. Sumir nefna erfiðar aðstæður vegna ákveðinna nemenda eða hópa sem helstu orsök aukins álags.
- Aga- og skólabragsmál: Nokkrir kennarar og starfsmenn kalla eftir auknum og samstilltum aga í skólanum. Nefnt er að taka þurfi á ljótu orðbragði á milli nemenda, hávaða, einbeitingarskortu og virðingarleysi gagnvart starfsfólki (m.a. í matsal og úti).
- Aðstæður og skipulag í matsal: Ítrekað er nefnt að aðstæður og skipulag í matsalnum þarfnist úrbóta. Bent er á að áreiti sé of mikið fyrir bæði starfsfólk og nemendur, og kallað er eftir skýrari reglum.
- Stöðugleiki í sérkennslu og stuðningi: Ákveðnir kennarar lýsa áhyggjum af því að almennur stuðningur inn í bekkji hafi verið minni í vetur. Stundum vanti fasta manneskju sem fylgir nemendum sem þurfa mikinn stuðning. Sumum finnst sömuleiðis vanta fleiri tíma í sérkennslu (t.d. fyrir snemmtæka íhlutun á yngsta stigi).
- Upplýsingaflæði milli svæða og óformlegir samskiptakanalar: Þó að upplýsingaflæði innan teyma sé gott, kemur fram að samskipti og upplýsingagjöf um nemendur eða breytingar á skipulagi fari stundum fram á óformlegum spjallþráðum (t.d. Facebook) eða á kennarasvæðum. Þetta verður til þess að upplýsingar berast seint til allra sem málið varðar, s.s. list- og verkgreinakennara, íþróttakennara, stoðþjónustu eða skólaliða. Kallað er eftir skýrari farvegi eins og Teams eða tölvupósti. • Faglegt andrúmsloft á stigsfundum: Fram kemur ábending um að stigsfundir mættu stundum vera betur skipulagðir og faglegri.

Kafli 4.7 Menntastefna og stefna skólans

Stuttur texti um hvaða þættir voru metnir

Skólinn hefur innleitt á undanförunum árum hugmyndafræði um Uppeldi til ábyrgðar sem miðar að því að ýta undir ábyrgðarkennd og sjálfsstjórn nemenda, þjálfara þau í að ræða um tilfinningar sínar og átta sig á þörfum sínum.

Á hverju ári setur skólinn sér starfsáætlun um ákveðna þætti stefnunnar sem vinna á með nemendum eins og bekkjarsáttmálavinnu að hausti, vinnu með þarfahringinn ásamt mínu og þínu hlutverki og fleiru.

Kannað er hjá nemendum á bekkjarfundum hvort þeir hafi tileinkað sér eitthvað af þessum þáttum Uppeldis til ábyrgðar. Eru nemendur að sjá í verki og upplifa að bekkjarsáttmálavinnan hafi skilað sér í betri samskiptum innan hópsins og betri líðan almennt. Eru nemendur að tileinka sér atriði bekkjarsáttmálans í samskiptum innan hópsins sem og við kennara sína, þá þætti sem hópurinn kom sér saman um í bekkjarsáttmálanum? Hvernig hóp vil ég vera hluti af og leggja mitt að mörkum svo það geti orðið? Hvernig vil ég koma fram við kennarann minn og aðra nemendur í hópnum. Hvernig manneskja og nemandi við ég vera?

Áhersla er á leiðsagnarnám í skólanum með áherslu á vaxandi hugarfarar. Tilgangurinn er að valdefla nemendur svo þeir verði færir um að taka ábyrgð á eigin námi. Leiðsagnarnám byggir á fimm stoðum sem saman leiða að jákvæðri námsmenningu þar sem mistök eru nýtt til framfara, markmið og viðmið að settu marki eru skýr og skipulag byggir á samæðum þar sem nemendur fá tækifæri til þess að tjá sig um námsefnið. Saman gegna þessar aðferðir því hlutverki að valdefla nemendur og gera þá virkari og ábyrgari í eigin námi.

Ingunnarskóli hefur sett sér stefnu varðandi læsi, læsisstefnu skólans. Henni er ætlað að setja viðmið í lestri í einstökum árgöngum sem og leiðir að settu marki. Skapandi nám og tækni hefur verið að aukast talsvert undanfarin ár ekki síst með tilkomu þróunarverkefnis Austur/Vestur sem er samstarfsverkefni þriggja skóla. Um er að ræða innleiðingu tæknivinnu og skapandi náms í skólanum með fjölbreyttum leiðum.

Niðurstöður

Styrkleikar

Niðurstöður viðhorfakannanna sýna að Ingunnarskóli byggir á sterkum stoðum; hugmyndafræðinni um Uppeldi til ábyrgðar, leiðsagnarnámi, skýrri læsisstefnu og þróunarstarfi í upplýsingatækni og skapandi skólstarfi (s.s. Austur/Vestur). Viðhorf foreldra sýna að þetta starf skilar sér í almennri ánægju með skólann, góðri líðan nemenda og miklum stuðningi kennara við nám og framfarir nemenda. Stöðugleiki í starfsmannahópnum er styrkleiki sem hefur án efa jákvæð áhrif á stöðuga þróun og uppbyggingu. Stjórnendur og kennarar skólans sækja árlega um þróunarstyrki og eru virkir í að sækja sér endurmenntun og þróa starfið í takt við örar samfélagsbreytingar.

Tækifæri til umbóta

Helstu tækifæri skólans til umbóta felast í því að auka upplýsingamiðlun til heimila og styrkja samstarf milli heimilis og skóla. Innleiða þarf markvissari leiðir til að kynna foreldrum verkfæri Uppeldis til ábyrgðar ásamt því að gera stefnu skólans sýnilegri. Einnig mætti kynna betur markmið leiðsagnarnáms og læsisstefnu skólans fyrir foreldrum í samræmi við áherslur Menntastefnu Reykjavíkur um gott samstarf heimilis og skóla.

Kafli 5 Umbótaáætlun

Umbótaáætlun skólans

Umbótaáætlun skólans er unnin út frá því mati sem fór fram á skólaárinu auk þeirra kannana sem lagðar voru fyrir. Áætlunin gildir fyrir næsta skólaár og miðar að því að bæta úr því sem í ljós kom að betur mætti fara. Skólastjóri er ábyrgur fyrir að framfylgja umbótaáætlun en hann úthlutar verkefnum hennar á aðra starfsmenn eftir þeirrar þekkingar sem hvert verkefni kallar á. Lögð er áhersla á að hafa umbótaverkefni frekar fleiri en færri og skilgreina þau þar með betur. Það auðveldar yfirsýn og mat á því hvort umbætur skila sér í betra skólastarfi.